



Erindisbréf

Fararstjóri á ráðstefnuna „Rauði haninn“

Stjórn LSS skipar Lárus Steindór Björnsson fararstjóra á Rauða hanann 2021.

Markmið verkefnis:

Markmið með þátttöku í ráðstefnunni „Rauða hananum“ er að efla þekkingu og færni félagsmanna í starfi. Efla tengslanet og samkennd á meðal félagsmanna.

Gildistími skipunar: Byrjað: Júní 2019

Lokið: Sept 2021

Framkvæmd:

Stefnt er að því að fara með 80 manna hóp félagsmanna á þriggja daga ráðstefnu í Hannover í Þýskalandi og kynna sér nýjungar í brunavörnum. Fararstjóri skipar varafararstjóra úr röðum stjórnar.

Hlutverk:

Hlutverk fararstjóra er að vinna í nánú samstarfi við stjórn og starfsmenn að undirbúningi, framkvæmd og frágangi ferðarinnar. Fararstjóri ber ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd ferðarinnar ber að tryggja bestu upplifun félagsmanna af ráðstefnunni eins og kostur er. Ekki er greidd þóknun fyrir setu í nefndinni en útlagður kostnaður er greiddur af LSS. Haft er að leiðarljósi siðareglur LSS og önnur lög og reglugerðir sem LSS hefur sett og/eða starfar eftir.

Verkefni fararstjóra við undirbúning, framkvæmd og frágang eru m.a.:

- Gera ferðaáætlun sem inniheldur helstu vörður fyrir undirbúning ferðar þ.m.t dagskrá, gistingu ofl.
- Gera fjárhagsáætlun í samráði við framkvæmdastjóra LSS, sem síðan er samþykkt af stjórn LSS.
- Fjármögnun og öflun fjár hjá styrktaraðilum.
- Bera ábyrgð á undirbúningi, framkvæmd og frágangi ferðarinnar.
- Skipuleggja kynningu á meðal félagsmanna.
- Gefa reglulega skýrslu til stjórnar um framgang verkefnisins.
- Virkja varafararstjóra og aðra sjálfboðaliða í undirbúningi, framkvæmd og frágangi námsstefnunnar.
- Skila lokaskýrslu um verkefnið fyrir lok árs 2021.

Vonast er til að ferðin skili eftirfarandi árangri:

- Auka þekkingu og færni félagsmanna í starfi
- Að þróun og nýjungar í starfsgreinunum sé komið á framfæri
- Efla samkennd á meðal félagsmanna
- Efla tengslanet félagsmanna
- Að félagsmenn miðli þekkingu og reynslu á milli slökkviliða/heilbrigðisstofnana

**Fjárhagsrammi:**

Verkefnið verður sjálfbært og er fjármagnað með þáttökugjöldum og styrktaraðilum. Fararstjóri fær að launum andvirði ferðar og gistingar. Öll fjárútlát þarf framkvæmdastjóri LSS að samþykkja.

Tengiliðir úr stjórn LSS: Jón Kristinn Valsson, formaður fagdeildar slökkviliðsmanna, Birkir Árnason, formaður fagdeildar sjúkraflutningamanna og Ólafur Stefánsson, formaður fagdeildar stjórnenda.

Samstarfsaðili á skrifstofu: Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Reykjavík, 3. nóvember 2020

Magnús Smári Smáráson
Formaður

Bjarni Ingimarsson
Varaformaður